



Fundargerð

401. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 13. október 2016. Þetta er 10. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Viðbót við dagskrá:

- I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu
- 12. 1610012 Styrkbeiðni frá Kirkjubæjarstofu vegna 2017
- 13. 1610013 Erindi frá formanni rekstrarnefndar Klausturhóla. dags. 13.10.2016

II. Fundargerðir til samþykktar

- 8. 1608002 Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungafréttar. 31.08.2016.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Fyrirtöku dómsmáls vegna vatnaveitinga úr Skaftá sem vera átti um miðjan september hefur verið frestað fram í desember að ósk stefnanda. Farin var vettvangsferð um vatnasvæði Skaftár með dómurum í málín þann 13. september s.l. Sveitarstjóri og oddviti sóttu Byggðaráðstefnu sem haldinn var á Breiðdalsvík í september þar sem reynt var að svara spurningunni hvernig við fáum unga fólkid heim. Vinna við þarfagreiningu á húsnæði Kirkjubæjarskóla er langt á veg komin og má vænta þess að Efla skili tillögum fljótlegra. Sveitarstjóri sótti ársfundí jöfnunarsjóðs og samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum ásamt því að sitja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga með oddvita og verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar. Sameiningarnefnd Hornafjarðar, Djúpavogshrepps og Skaftárhrepps funduði í lok september á Kirkjubæjarklaustri ásamt því að eiga fund með fulltrúum jöfnunarsjóðs og innanríkisráðherra varðandi fjárfamlög til verkefnisins. Sveitarstjóri fór á fund samráðshóps vegna aðgerðaáætlunar fyrir miðsvæði í vikunni þar sem farið var yfir áherslu mál sveitarfélagsins ásamt því að sitja ársfund Bergrisans bs. Sveitarstjóri hefur síðustu daga verið að leita skýringa og viðbragða frá Simanum vegna sambandsleysis í kjölfar slits á ljósleiðara í vikunni. Ljóst er að þarna er um mikil öryggismál að ræða fyrir ibúa sveitarfélagsins og ólíðandi annað en að þessu verði komið í lag. Oddviti sótti ungmannaráðstefnu á Hvolsvelli í lok september og hefur í framhaldinu hug á að skoða að koma á fót ungmannaráði hjá Skaftárhreppi. Skaftárhreppur auglýsti á dögunum eftir upplýsingum um áform markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarfskiptainnviða. Auglýsingin er liður í áætlunum sveitarfélagsins vegna undirbúnings umsóknar í verkefnissjóðinn Ísland ljóstengt.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 1. 1610007 Skerjavellir 3 og 5

Sveitarstjóri fer yfir minnisblað varðandi eignarhald fasteignanna Skerjavellir 3 og 5. Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að fara í viðræður við Ríkissjóð Íslands varðandi 75% eignarhluta þess í fasteignum.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til viðræðna.

- 2. 1608002 Tilnefning í fjallskilanefnd Skaftártungafréttar



Sveitarstjórn hefur móttokið beiðni frá Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Þórgunni Mariu Guðgeirsdóttur um lausn frá setu í fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar. Sveitarstjórn þakkar þeim störf í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tilnefnir Jóhannes Siggeirsson og Pál S. Oddsteinsson sem aðalmenn í fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar og nýir varamenn nefndarinnar verða Bergur Sigfússon og Sigurður Árnason.

3. 1603003 Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2016

Sveitarstjóri leggur fram tillögu að viðauka 3 við fjárhagsáætlun vegna aukins framlags til Köllu jarðvangs. Lagt er til að framlag verði aukið um 500 þúsund fyrir árið 2016 og verði tekið af lið 1362 vegna prentunar Græna bæklingsins sem reyndist um 600 þús.kr. lægri en áætlað hafði verið. Liður 1362 Græni bæklingur verður 400 þús í áætlun Liður 1306 Fer úr 1500 þús í 2000 þús.

Tilfærslan hefur ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu fjárhagsáætlunar 2016.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

4. 1609009 Erindi frá Mýrdalshreppi vegna samstarfs um skipulags- og byggingarfulltrúa. dags. 16.09.2016

Fyrir fundinum liggur erindi frá sveitarstjóra Mýrdalshrepps þar sem farið er þess á leit við Skaftárhrepp að dregið verði verulega úr samstarfi sveitarfélaganna varðandi skipulags- og byggingarfulltrúa eða því hætt, þar sem mikil aukning hefur verið á verkefnum í báðum sveitarfélögum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið og tekur undir að um breyttar forsendur er að ræða frá því að ákveðið var að fara í þetta samstarfsverkefni. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að auglýsa eftir starfsmanni í fullt starf til að sinna málaflokknum og vinna að lausn málsins.

5. 1610004 Erindi frá Innanríkisráðuneytinu varðandi form og efni viðauka við fjárhagsáætlun. dags. 03.10.2016

Gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er unnin samkvæmt 5. gr. verklagsreglna fjármálastjórnar Skaftárhrepps sem samþykktar voru 14. apríl s.l. Þar kemur fram að ef ljóst er að stefni í frávik frá fjárhagsáætlun ársins leggur sveitarstjóri tillögu til sveitarstjórnar að viðauka við samþykktáætlun með lýsingu á hvaða breytu forsendur kölluðu á breytingu á fjárhagsáætlun og í hverju breytingin felst. Þetta á einnig við um tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðaukinn þarf að fela í sér útfærða ákvörðun um það hvernig útgjöldum eða tekjulækkun er mætt. Sveitarstjóri hefur heimild til að færa fjármagn innan málaflokka án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki enda feli það ekki í sér hækkan eða lækkun á fjárhheimild málaflokkssins. Tilfærslur skal þó færa í viðauka við fyrsta tækifæri eða eigi síðar en við lok fjárhagsársins. Prátt fyrir að ekki megi víkja frá samþykktri áætlun má sveitarstjóri í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þær ekki bið.

Verklagsreglurnar voru sendar til Innanríkisráðuneytisins til kynningar í apríl s.l.

6. 1607017 Ályktun menningarmálanefndar vegna Héraðsbókasafns. dags. 26.09.2016 Ályktuninni vísað til vinnu við fjárhagsáætlun.

7. 1610008 Tillaga að umsögn vegna landsáætlunar um uppbyggingu innviða Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn athugasemdir til verkefnisstjórnar.



8. 1610009 Beiðni um stuðning við Snorraverkefnið 2017
Sveitarstjórn getur ekki stutt verkefnið að þessu sinni.

9. 1610010 Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2017-2020

Farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2017-2020. Reiknað verður með 3,9 % almennum verðlagsbreytingum 2017 og öðrum verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands til 2021. Launabreytingar eru áætlaðar 6,3%. Hækkun útsvars verður um 8,3% miðað við áætlun um fjölgun starfa, launaskrið og áætlaðar launabreytingar. Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun á fasteignamati er áætlað 6,3% samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Sveitarstjóri fer yfir tillögu að helstu viðbótum við fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni til síðari umræðu.

10. 1610011 Afrit af erindi Vegagerðar ríkisins til Ríkiseigna vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar Hraunbæjarvegar nr. 2186, af vegaskrá. dags. 06.10.2016

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda erindi til Ríkiseigna og hvetja þá til þess að mótmæla niðurfellingu vegarins af vegaskrá og vinna að því að Hraunbær fari aftur í ábuð.

11. 1609005 Kjörskrá til alþingiskosninga

Lagður fram kjörskrárstofn frá Þjóðskrá vegna alþingiskosninga sem fram eiga að fara 29. október 2016. Á kjörskrá eru 352. Sveitarstjóra falið að undirrita hana. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fylla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttингar, úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 29. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

12. 1610012 Styrkbeiðni frá Kirkjubæjarstofu vegna 2017

Sveitarstjórn þakkar erindið. Beiðninni vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2017-2020.

13. 1610013 Erindi frá formanni rekstrarnefndar Klausturhóla. dags. 13.10.2016

Sveitarstjórn þakkar erindið. Beiðninni vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2017-2020.

Fundarhlé 14:15 – 14:39

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1605016 Fundargerð 8. fundar atvinnumálanefndar. 28.09.2016

3) Húsnæðismál

Húsnæðismál standa núverandi atvinnulífi fyrir þrifum í Skaftárhreppi.

Atvinnumálanefnd skorar á sveitarstjórn að þeir kalli saman landeigendur

Kirkjubæjarklausturs, hið allra fyrsta, til að ná niðurstöðu um lóðamál á skipulögðum reitum á Kirkjubæjarklaustri. Ljóst er að skipulags- og byggingarfulltrúi er ofhlaðinn verkefnum, þar sem hann sinnir tveimur sveitarfélögum. Atvinnumálanefnd óskar eftir því við sveitarstjórn, að ráðinn verði skipulags- og byggingarfulltrúi með stærra starfshlutfall fyrir Skaftárhrepp sem liður í lausn í þessum vanda.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Sveitarstjórn veitti sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa í sumar heimild til að leita samninga við eigendur Klausturjardar til að einfalda úthlutun byggingalóða og stendur sí vinna yfir. Farið verður í að endurskoða núverandi samstarf við Mýrdalshrepp á næstu vikum.

Fundargerð í heild samþykkt.



2. 1607017 Fundargerð 67. fundar menningarmálaneftnar. 05.09.2016. *Fundargerð samþykkt.*
3. 1607017 Fundargerð 68. fundar menningarmálaneftnar. 14.09.2016. *Fundargerð samþykkt.*
4. 1607017 Fundargerð 69. fundar menningarmálaneftnar. 28.09.2016. *Fundargerð samþykkt.*
5. 1607017 Fundargerð 70. fundar menningarmálaneftnar. 04.10.2016. *Fundargerð samþykkt.*
6. 1608002 Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungafréttar. 14.08.2016. *Fundargerð samþykkt.*
7. 1605028 Fundargerð 66. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar. 02.10.2016.
 3. 17. Júní fjárlög rædd og ákveðið að óska eftir 300.000 kr. á fjárhagsáætlun til úthlutunar fyrir að sjá um 17. júní.
Sveitarstjórn vísar beiðni nefndarinnar til síðari umræðu fjárhagsáætlunar.
 4. Íþróttá- og æskulýðsnefnd hvetur sveitastjórn að hraða uppbyggingu svæðis fyrir hestamenn á Stjórnarsandi.
Sveitarstjórn samþykkti að vinna deiliskipulag fyrir svæðið líkt og hestamannafélagið Kópur óskaði eftir.

Fundargerð í heild samþykkt.

8. 1608002 Fundargerð fjallskilanefndar Skaftártungafréttar. 31.08.2016. *Fundargerð samþykkt.*

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604047 21. fundargerð FSRV. 27.09.2016. *Fundargerð kynnt.*
2. 1604047 37. fundargerð félagsmálaneftnar. 26.09.2016. *Fundargerð kynnt.*
3. 1603026 175. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 30.09.2016. *Fundargerð kynnt.*
4. 1604030 511. fundargerð SASS. 02.09.2016. *Fundargerð kynnt.*
5. 1604030 512. fundargerð SASS. 30.09.2016. *Fundargerð kynnt.*
6. 1604026 842. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga. 02.09.2016. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1610002 Tilkynning um ágóðagreiðslu EBÍ. 27.09.2016. *kynnt.*
2. 1609003 Athugasemdir Heilbrigðiseftirlits 2016. dags. 19.09.2016. *kynnt*
3. 1604032 Framvinda verknámsaðstöðu FSU. *kynnt*
4. 1610010 Forsendur fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar. 30.08.2016. *kynnt*
5. 1608002 Landbótaáætlun fyrir Álfstaversafrétt 2016-2025. 04.10.2016. *kynnt*
6. 1604040 Niðurstaða Innanríksráðuneytisins vegna oddvita og varaoddvitakjörs. 02.09.2016. *kynnt*
7. 1603021 Ársrekningur Bergrisans bs. 2015. *kynnt*

Næsti fundur áætlaður 10. nóvember 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:35



Skaftárhreppur

Eva Björk Harðardóttir.
Eva Björk Harðardóttir

Sverrir Gíslason
Sverrir Gíslason

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Bjarki Guðnason
Bjarki Guðnason

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir